

Lygarnar um leiðsluna í Eystrasalti Stríðyfirlýsing gegn Þýskalandi

Bandaríkjamenn hafa hvergi farið í launkofa með andúð sína á samvinnu Rússa og Þjóðverja um orku og lagt stein í götu þeirrar samvinnu. Joseph Biden og Victoria Nuland hafa ítrekað fullyrt, að Nordstream 2 kæmist ekki í gagnið. Bandaríska Þjóðþingið hefur litið alla samvinnu Evróubúa austur á bóginn með vanþóknun, ekki síst samvinnu um orkuflutninga. Samkeppnisstöðu Bandaríkjamanna er ógnað. Olíuauðjörfrar þar um slóðir gætu misst spón úr aski sínum. Því er það, að þingið í forsetatíð Donald Trump hótaði viðskiptaþvingunum þeim ríkjum, sem stóðu að bæði Nord Stream 1 og 2.

Nordstream 2 hefur einnig verið þyrnir í augum ýmissa annarra Natóríkja eins og Eystrasaltsríkjanna, að Dönnum og Svíum meðtöldum. Sama á við um Yamal leiðsluna (frá Yamal í Síberíu til Póllands og Þýskalands), sem Ronald Reagan (1911-2004) skipaði William Casey (1913-1987), forstjóra Leyniþjónustu sinnar (CIA), að skaðskemmu. Og það gerði William.

Það virðist augljóst, að kafbátatækni hafi verið beitt við sprengingu leiðslunnar, og að tryggja hafi þurft samþykki Natóríkjanna við Eystrasalt. Hugsanlega eru þó Vestur-Evrópskir eigendur hennar, þ.e. Þjóðverjar, Frakkar og Hollendingar, undanteknir. Það er raunalegt til þess að vita, að samtímis þessum óheillaatburði, hryðjuverki, hafi Norðmenn og Pólverjar lýst yfir opnun hliðstæðrar leiðslu milli Noregs og Póllands, en áður höfðu orðið krytur milli Pólverja og Rússa um greiðslur í rúblum fyrir gas úr fyrrnefndri Yamal leiðslu.

Skoplegur áróður í þá veru, að Rússar hafi eyðilagt eigin leiðslu til að setja Evrópubúum stólinn fyrir dyrnar, þegar nóg var að skrúfa fyrir hana, er á svipuðu greindarróli og frásögnin um rússneska herinn, sem skaut á sjálfan sig í hernumdu kjarnorkuveri. Fyrri frásögnin vekur upp minningar um fyrri „kafbátaógnir“ eins og þegar Svíar sökkту vestrænum kafbáti í skerjagarði sínum og kölluðu rússneskan. (Þetta er náttúrulega leyndarmál.)

Færa má rök fyrir því, að Bandaríkjamenn hafi nú í raun lýst opinberlega yfir stríði bæði gegn Þjóðverjum og Rússum – jafnvel Hollendingum og Frökkum.

Heimveldisstefnu þeirra eru varla nokkur mörk sett. Þó hættu þau við að geryða Kína og Ráðstjórnarríkjunum í kjarnorkuárás í upphafi sjöunda áratugar síðustu aldar. Rök hníga að því, að John F. Kennedy (1917-1963) hafi sett hergagnaiðnaðinum og stríðshaukum þeirra í stjórn máluunum, stólinn fyrir dyrnar. Það kann að hafa kostað hann lífið.

En utanríkisstefnan breyttist í sjálfu sér ekki eins og verk Henry Kissinger (f. 1923), Zbigniew Brzezinski (1928-2017) og Paul Wolfowitz (f. 1943), bera með sér, en þeir voru allir nemendur stríðsæsingaheimspekingsins, Leo Strauss (1899-1973). Það gera einnig síðari tíma skrif þeirra. Bandaríkjamenn hafa beitt auð- og hervaldi sínu til að tryggja iðnaði ríkisins auðlindir og stjórnámálönnum völd. Það er iðulega réttlætt sem varnarstríð í þágu alheimsfriðar, öryggis, mannréttinda og lýðræðis. Stríðshaukurinn, Paul Wolfowitz, skrifaði árið 1992, að Bandaríkin myndu líta á tilburði til evrópskrar frelsunar undan ofríki Bandaríkjamanna sem tilefni til stríðs (casus belli).

Þess vegna hafa þeir – og dyndilmenni þeirra í Nató – umkringgt Rússneska ríkjasambandið með útvíkkun Nató og stofnun herstöðva, þrátt fyrir aðvaranir 50 bandarískra sérfræðinga í utanríkismálum. Rússar hafa margsinnis reynt að reisa rönd við þessu. Allt kom fyrir ekki. Úkraínumönnum var beitt fyrir herlestina. Það hefur reyndar verið ljóst frá því að Bandaríkjamenn steyptu lýðræðislega kjörinni stjórn Úkraínu árið 2014, hver væri tilgangurinn. Enda hófu þeir og Natódindlarnir stórfellda hervæðingu Úkraínu samkvæmt Natóstöðlum.

Á stjórn málsviðinu er einnig sorfið að Rússum. Anglósöxunum (Bretum og Bandaríkjamönnum) hefur þegar tekist að bola Rússum út úr Evrópuráðinu (Council of Europe) og vinna nú að því að útiloka þá frá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (Organization for Security and Co-operation in Europe -OSCE) En færri vita, að þeir hafa endurlífgað gamlan draum Pólverja um svokallað „Þriggja sjáva frumkvæði“ (Three Seas Initiative), þ.e. að einangra Rússa og Þjóðverja frekar frá þróun Evrópu.

Úkraínski Natóherinn var þaulþjálfaður, öflugasti her í Evrópu. Hann öðlaðist bardagareynslu í stríðinu gegn „rússneskum“ íbúum Donetsk og Luhansk. Það stóð aldrei til af hálfu Bandaríkja- og Úkraínumanna, að standa við Minsk 2 samkomulagið, sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna lagði blessun sína yfir og Þjóðverjar og Frakkar ábyrgðust. Það vakti fyrir þeim að skapa frið til að þjálfa fleiri hermenn. Samkomulagið varð glýja í augu Rússa, þótt undarlegt meggi virðast. Enda hæðast úkraínsk stjórnvöld að þeim fyrir bragðið.

Það verður fróðlegt að sjá, hvornig Þjóðverjar bregðast við slíkri stríðsyfirlýsingu, sem sprenging gasleiðslunnar felur í sér. En eitt er víst; það harðnar á dalnum hjá Evrópubúum og enn þá fleiri úkraínskir og rússneskir karlmenn á besta aldri falla í valinn, samtímis því, að föðurlausum börnum og ekkjum mun fjölga.

Rússar ætluðu sér reyndar aldrei að leggja undir sig Úkraínu, enda var liðsstyrkurinn í upphafi innrásarinnar svipaður þeim og Napóleón safnaði á sínum tíma til að leggja undir sig Bretland. En nú er að verða breyting á. Sú tilhugsun, að Rússar muni nú hafa það ráð að beita bandarískum landeyðingarhernaði (sbr. Írak, Sýrland, Líbíu), vekur ugg og skelfingu. Óskir um beitingu kjarnorkuvopna komu í upphafi frá Úkraínumönnum sjálfum, en ekki Rússum. En guðirnir mega vita, upp á hverju þeir finna, fari að halla verulega undan fæti.

Ætli hlutaðeigandi leiðtogar hafi þroska til að finna til skammar?

Viðauki: Í þann mund, að ég lauk við pistilinn bárust fréttir af morðsprengingu á Kertsj-brúnni milli Krím og meginlandsins, sem stórskemmdi brúna. Mykhailo Podoljak, ráðgjafi Volodymyr forseta sagði af því tilefni: „Krím, brúin, upphafið. Öllu, sem ólöglegt er verður að tortíma, öllu þýfi skal skila til Úkraínu, Rússa skal reka brott af hernumdum svæðum.“ (Svona talar líka íslenski utanríkisráðherrann.)

Þetta er nýtt hryðjuverk gegn Rússlandi og nýtt skref í átt til heimsstyrjaldar. Á meðan fjölgar leynilegum hernaðaraðgerðum Bandaríkjamanna í Úkraínu, upplýsir leyniþjónusta þeirra, Nató þjálfar fleiri hermenn og hergögn streyma til Úkraínu. Úkraínurmenn kalla enn eftir kjarnorkuárásum á Rússa. Vladimir sperrir sig á móti.

Það er ekki nema von, að Bandaríkjaforseti stynji upp: „Ragnarök (Armageddon) hafa ekki verið jafn yfirvofandi, síðan í Kúbudeilunni [í upphafi sjöunda áratugar síðustu aldar].“

<https://korybko.substack.com/p/the-anglo-american-axis-benefits>

<https://theintercept.com/2022/10/05/russia-ukraine-putin-cia/>

<https://news.antiwar.com/2022/10/06/zelensky-calls-for-nato-to-launch-preemptive-strike-on-russia/>

<https://news.antiwar.com/2022/10/07/white-house-says-bidens-armageddon-comment-not-based-on-new-intelligence/>

<https://thegrayzone.com/2022/05/31/us-trained-extremists-fighting-russia-blowback/>

<https://jacobin.com/2022/01/cia-neo-nazi-training-ukraine-russia-putin-biden-nato>

<https://www.gulf-insider.com/western-allies-led-by-uks-johnson-sabotaged-tentative-ukraine-russia-peace-deal/>

https://steigan.no/2022/10/pressa-feirer-angrepet-pa-forsyningslinje-til-krim-kanfore-til-ytterligere-opptrapping/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2022/09/angrepet-pa-nord-stream-dreper-mulighetene-for-dialog-i-ukraina/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.utvarpsaga.is/stormur-a-netinu-eftir-yfirlyssingu-zelenskis-um-fyrirbyggjandi-aras-a-rusland-russar-segja-ukrainu-reyna-ad-koma-af-stad-heimsstyrjold/?fbclid=IwAR2YckOF3LWroM4tOoSvNkZZsNxRUjEB8EVWehWfRQYImVvj4Ia0I-s7sWA>

<https://www.nachdenkseiten.de/?p=88603>

<https://www.armscontrol.org/act/1997-06/arms-control-today/opposition-nato-expansion>

<https://steigan.no/2022/10/knyttnevens-lov/>

<https://seapowermagazine.org/baltops-22-a-perfect-opportunity-for-research-and-resting-new-technology/>

https://steigan.no/2022/10/natos-medansvar-for-krigen/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://frettin.is/2022/10/07/twitter-lokar-a-peter-mccullough-sagdi-covid-19-an-efa-vera-adgerd-bandarikjastjornar/?fbclid=IwAR2aEzwnBQJeDxRmtNJP4DLr1QByTSFkdD1GqNMV2nixrsYP499tESuDnm4>

<https://www.utvarpsaga.is/fyrrverandi-radgjafi-hvita-hussins-polland-bandarikin-svithjod-og-danmork-bera-abyrgd-a-arasinni-a-nord-stream-leidslurnar/?fbclid=IwAR2H0arSlq2kNx-dwKHrly1QETyhk9-vojdbqSmfpxberuSGnzfDRhCVAOs>

<https://www.fehmarn24.de/fehmarne/navy-passiert-fehmarnebelt-grosser-flottenverband-der-us-91809308.html>

<http://johnhelmer.net/the-bornholm-blow-up-repeats-the-bornholm-bash-poland-attacks-germany-and-blames-russia/>

<https://webbtube.se/w/bEjiiR9PCT3ih8EVuipTum>

<https://sfn.nato.int/newsroom/news-archive/2022/baltops-22-a-perfect-opportunity-for-research-and-testing-new-technology>

<https://multipolarista.com/2022/09/03/west-peace-proposal-ukraine-russia/>

<https://consortiumnews.com/2022/09/28/diana-johnstone-omerta-in-the-gangster-war/>

<https://newsvoice.se/2022/09/amerikansk-regeringsradgivare-attacken-mot-nord-stream/>

<https://thecradle.co/Article/Columns/16307>

<https://www.naturalnews.com/2022-09-27-nord-stream-pipelines-sabotaged-third-world-war.html>

<https://www.dn.se/sverige/svenska-marinen-hade-fartyg-pa-plats-fore-explosionerna/>

https://steigan.no/2022/10/columbia-professor-jeffrey-sachs-tatt-av-lufta-etter-a-ha-anklaget-usa-for-sabotasjen-mot-nord-stream/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2022/10/usa-erklaerer-krig-mot-russland-tyskland-nederland-og-frankrike/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://libya360.wordpress.com/2022/09/13/the-eu-brought-to-its-knees-by-the-straussians/>

<https://www.paulcraigroberts.org/2022/09/28/has-the-cia-blown-up-the-nord-stream-gas-pipeline-to-prevent-russia-coming-to-europes-rescue-this-winter/>

https://steigan.no/2022/10/jonas-gahr-store-i-fn/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://covertactionmagazine.com/2022/09/23/ukrainian-army-war-crimes-include-shelling-of-ambulances-firetrucks-and-rescue-workers-in-the-donbass-republics-similar-to-israelis-and-u-s-backed-terrorists-in-syria/>

https://steigan.no/2022/10/ola-tunander-om-ukraina-krigen/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.youtube.com/watch?v=v7HPG69vlas>

<https://spartakus.no/2022/10/01/40-ar-siden-u-2-episoden-under-vann/>

<https://www.voltairenet.org/article217490.html>

https://steigan.no/2022/10/usas-eventyr-om-sabotasjen-mot-rorledningene-blir-stadig-mer-absurd/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://tidsskriftet-ip.no/index.php/intpol/article/download/2469/4665?inline=1>

<https://johnmenadue.com/the-great-game-in-ukraine-is-spinning-out-of-control/>

<https://www.youtube.com/watch?v=rBUlHM9WSo>

<https://www.businessinsider.com/moscow-nuclear-escalation-if-us-overreacts-to-ukraine-war-report-2022-9?r=US&IR=T>

<https://thecradle.co/Article/Columns/16521>

https://steigan.no/2022/10/usa-erklaerer-krig-mot-russland-tyskland-nederland-og-frankrike/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.youtube.com/watch?v=GVXxZqyiKrY>